um aflaskýrslur.

(Afgreidd frá Ed. 30. mars).

1. gr.

Fiskifjelag Íslands skal safna aflaskýrslum um allan þann fisk, sem veiddur er hjer við land og ætlaður er til útflutnings, að undanskildum laxi og silungi.

Skal Fiskifjelagið hafa umboðsmenn í helstu veiðistöðvum landsins, til þess að taka við aflaskýrslum og senda þær til skrifstofu fjelagsins í Reykjavík eða erindreka þess.

2. gr.

Fiskifjelagið skal birta heildaraflann í aðalveiðistöðvum, landsfjórðungum eða landinu í heild sinni á hálfsmánaðarfresti, eða oftar, ef þurfa þykir.

Það skal og veita hlutaðeigandi stjórnarvöldum aðstoð sína og umboðsmanna sinna við söfnun fullnaðarskýrslna um fiskiafla.

Sömuleiðis skal Fiskifjelaginu skylt að svara fyrirspurnum frá einstökum mönnum eða fjelögum um fiski í landinu.

3. gr.

Allir árabátar eða smærri vjelaskip, sem leggja veiði sína á land óverkaða, skulu á viku hverri gefa skýrslu um veiði sína, sundurliðaða eftir tegundum, eftir því sem krafist verður.

Formaður og útgerðarmaður bera ábyrgð á því í sameiningu, að skýrslurnar sjeu rjettar og að þeim sje skilað á ákveðnum tíma.

4. gr.

Botnvörpungar og önnur fiskiskip, sem verka afla sinn á skipsfjöl að nokkru eða öllu leyti, skulu í hvert skifti, er þau leggja afla sinn á land, allan eða nokkurn hluta hans, tafarlaust senda skýrslu um þann hluta, sem á land er fluttur, sundurliðaða eftir því sem krafist er.

Skipstjórar á þeim skipum, sem hjer um ræðir, bera ábyrgð á, að skýrslunum sje komið til rjettra viðtakenda, ef þeir leggja aflann á land utan heimilis skipsins. Annars ber útgerðarmaður skipsins ábyrgð á, að skýrslurnar sjeu sendar.

5. gr.

Hver sá, sem afla kaupir eða veitir viðtöku af útlendu skipi, skal skyldur að gefa skýrslu um það, og skal þess þá jafnframt getið, af hvaða skipi veiðin er keypt, eða af hvaða ástæðum hún er flutt á land.

6. gr.

Yfirsíldarmatsmenn skulu skyldir til að senda Fiskifjelaginu á viku hverri skýrslu um þá síld, sem söltuð er í umdæmi þeirra.

7. gr.

Síldarbræðslustöðvar skulu skyldar til að senda á viku hverri skýrslu um alla þá síld, sem þær veita viðtöku og ekki er ætluð til söltunar.

8. gr.

Vanræki einhver að gefa þær skýrslur, sem um ræðir í lögum þessum, varðar það sektum, frá 10 til 50 krónum á dag, frá þeim degi að telja, er skýrsla skal síðast gefin.

9. gr.

Fiskifjelag Íslands sjer fyrir eyðublöðum til skýrslusafnana, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu.

10. gr.

Með brot á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.